

# Kvörtun til fjölmiðlanefndar

**Móttakandi:** Fjölmiðlanefnd, Borgartúni 21 Reykjavík (postur@fjolmidlanefnd.is)

**Sendandi:** [Nafn heimilisfang og kennitala]

**Efni:** Kvörtun vegna starfsemi fjölmiðlaveitu

**Kvörtun beinist að:** 365 miðlum, Skaftahlíð 24 Reykjavík, vegna rekstrar Stöðvar 2.

**Dagsetning og tími miðlunar:** yfirvofandi að kvöldi næstkomandi 3. júní 2012.

## Atvikalýsing:

Fregnast hefur að fjölmiðlaveitan Stöð 2 hyggist halda umræðufund í Hörpu næstkomandi sunnudagskvöld í tilefni komandi forsetakosninga. Kvörtunarefnið er nánar tiltekið sú ákvörðun dagskrárgerðar að bjóða tveimur frambjóðendum til fundar en undanskilja aðra.

Um þessa fyrirætlan var meðal annars fjallað í aðalfréttum Ríkisútvarpsins 30. maí.

Sjá: <http://www.ruv.is/frett/olydraedisleg-vinnubrogd-stodvar-2>

Stöð 2 / 365 hafa enga tilraun gert að svo stöddu til að hrekja ofangreinda atvikalýsingu.

## Rökstuðningur fyrir því að atvikið sé talið brot á lögum:

26. gr. fjölmiðlalaga ber yfirskriftina: lýðræðislegar grundvallarreglur, og eru þær skilgreindar meðal annars þannig að fjölmiðlaveita skuli gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í umfjöllun sinni um fréttir og fréttatengt efni, sem og þess að mismunandi sjónarmið komi fram.

Augljóslega þarfnast það miklu frekar sérstaks rökstuðnings hvernig þau atvik sem lýst er kunni að vera til þess fallin að leiða til hlutlægni í umfjöllun um öll mismunandi sjónarmið frambjóðenda í forsetakosningum, heldur en hið öndverða.

[staður og stund]

---

[nafn og undirskrift]